



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Geislabaugur

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.





Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	4
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	7
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026 Við völdum þessa fjóra þætti sem umbótaþætti næsta skólaár Stjórnun, Jákvæður agi, Mannauður/leikskólabragur, Málstefna	11
4	Innra mat Lindarinnar 2024-2025	14
5	Innra mat Stjörnunnar 2024-2025	15
6	Innra mat Lautarinnar 2024-2025	17
7	Innra mat Sólarinnar 2024-2025	18
8	Innra mat Fjallið	20
	Félagsfærni:	21
	Sjálfsefling:	21
	Málörvun/Læsi:	21
	Sköpun:	22
	Skráningar	22
9	Umbótaáætlun 2025-2026 –	23
	Leikurinn sem námsleið barna – Félagfærni – Heilbrigði og velferð	23
10	Innra mat elstu barna - <i>Meistarar</i>	28
11	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.	31
12	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans	31
	Foreldrasamvinna	32
13	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	32
14	Fylgiskjöl	33
14.1	leikskóladagatal 2025-2026	33





1 Greinargerð leikskólastjóra

Það er við hæfi að byrja á máltækinu „Eftir höfðinu dansa limirnir“. Þetta á vel við í starfi okkar í Geislabaugi þar sem við kennarar erum fyrirmyndir og eigum alltaf að hafa það í huga. Árið hefur gengið mjög vel í alla staði, starfsmannahald hefur verið stöðugt og ekki mikil breyting í hópnum. Við tókum á móti 32 glöðum börnum og foreldrum um haustið og gekk aðlögunin mjög vel. Starfið hófst svo að fullum krafti í september.

Helsti styrkleiki okkar er mannauðurinn þar sem hvert og eitt fær að njóta sín hvort sem viðkomandi er fagstjóri, deildarstjóri, leiðbeinandi eða sérkennari. Öll höfum við eitthvað til að leggja okkar af mörkum svo börnunum líði vel, en það er okkar helsta markmið. Helsta áskorun okkar hefur verið nýr vinnutími kennara, að láta allt ganga upp, þar sem við erum öll með 36 tíma vinnuviku. Börnin eru hins vegar flest öll í 40-42 tímum á viku og engin afleysing kemur inn í leikskólann á móti. Það kostar oft meira álag en við hefðum óskað en við erum yfirleitt lausnarmiðuð og alltaf að þreifa okkur áfram hvað er best fyrir alla.

Umbætur verða gerðar út frá ytra og innra mati. Ytra mat var gert á haustmánuðum 2024 á vegum Sameykis – stofnun ársins, þar stóðum við okkur nokkuð vel en lækkuðum örlítið í prósentu hvað varðar stjórnun, starfsanda, ánægju o.fl. Við tókum það alvarlega og okkar markmið er að bæta það til muna á næstu mánuðum með skýrari verkskiptingu, betra upplýsingaflæði og markvissari leiðbeiningum til nýliða og annarra kennara. Einnig tóku foreldrar þátt í könnun sem var gerð á vormánuðum. Foreldrar eru mjög ánægðir með leikskólann og segja 98,6% að barninu líði vel í leikskólanum. Innra mat fór fram á starfsdögum og deildarstjórafundum á skólaárinu. Allir kennarar eru virkir í endurmati, fá að segja sína skoðun og það er hlustað á kennara. Við notuðum gátlista menntastefnunnar, ársáætlun 2024 og námskrána okkar. Við rýndum í niðurstöður gátlista um félagsfærni og það er gaman að segja frá því að kennarar meta að börnin okkar eru sterk bæði félags- og tilfinningalega. Þau kunna að leysa úr ágreiningi, nota orðin sín og lítið er um ofbeldi. Þau nota hrós og það er komið til móts við áhugasvið þeirra.

Áherslur næsta árs miðast út frá endurmati og starfsþróun. Við erum með áhugasaman starfsmannahóp sem horfir fram á við og vill halda í styrkleika okkar og getu. Við ætlum fyrst og fremst að aðlaga námskrá Geislabaugs að nýjum breytingum í aðalnámskrá. Þar eru helstu breytingar: *Leikur og nám barna*. Þar höfum við staðið okkur vel og getum alltaf gert betur. Við munum endurskoða leikinn og efla flæði enn þá meira, skoðum efnivið og höfum hann fjölbreyttan. Fáum börnin meira inn í ákvarðanatöku og notum virka hlustun. Vellíðan allra verður hluti af daglegu starfi þar sem áhersla er á jákvætt andrúmsloft og endurnærandi starfsumhverfi. Þar kemur jákvæður agi sterkur inn og höldum við áfram þeirri innleiðingu. Þjálfun barna í hreyfingu og virðing fyrir náttúru og umhverfi er mikilvæg. Við erum einnig á góðri leið í grænum skrefum. Samvinna við foreldra er nauðsynleg til að geta stutt





betur við þroska barnanna. Inngilding er nýtt hugtak og kemur í stað án aðgreiningar s.s. skóli án aðgreiningar. Við erum að tileinka okkur inngildingu sem snýst um að skapa umhverfi þar sem fólk upplifir að það tilheyri, sé virt og hafi raunveruleg áhrif. Að einstaklingar fá að taka þátt á jafnræðis grundvelli óháð kyni, kynhneigð trú og menningu.

Við hlökkum til að fá ný börn og foreldra í haust og leggjum við okkur fram til að hlúa að þeim ásamt öllum öðrum í skólanum okkar.

Þóra Jóna Jónatansdóttir,
leikskólastjóri í Geislabaugi.







2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat

Hvað var metið?	Félagsfærni
Hvernig fór matið fram?	Notuðum gátlista frá menntastefnunni um félagsfærni.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allir starfsmenn tóku þátt. Við skiptum í hópa eftir deildum og aldri barnanna.
Helstu niðurstöður mats:	Þegar niðurstöður frá öllum deildum eru teknar saman er áberandi hversu mikið aðferðir frá jákvæðum aga eru notaðar. Góðvild og festa kennara og hvatning barnanna til að leysa úr ágreiningsmálum sjálf. Starfsfólk styður vel við börnin í nýjum áskorunum. Komið til móts við áhugasvið barnanna. Börnunum er kennt að læra inn á tilfinningar sínar. Börnin þekkja vel barnafundi og er það komið inn í daglegt starf á eldri deildunum. Á heildina litið erum við að gera vel hvað varðar félagsfærni barnanna en það eru alltaf tækifæri til að bæta.

Hvað var metið?	Heilbrigði og velferð
Hvernig fór matið fram?	Á deildarstjórafundum, starfsdögum, deildarfundum og teymisfundum. Við erum með heilsueflyingarteymi sem hittist reglulega og tekur fyrir ákveðna þætti sem mega betur fara.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk og börnin á barnafundum.
Helstu niðurstöður mats:	Göngutúrar hafa aukist mikið og þá mest um nærumhverfið, við finnum að úthald barnanna eykst og eru þau alltaf tilbúin í styttri eða lengri ferðir. Börnin hafa fengið fræðslu um matarsóun, huga að skammtastærðum og taka frekar minna á diskinn heldur en að henda mat. Við höldum áfram í grænu skrefunum og erum nú búin með skref 1 og 2. Gróðurhúsið okkar dafnar vel og á vorin hefst sáning og fer þá verkefnistjóri inn á allar





	deildar og fá öll börn að vera með að sá og setja niður ýmsar plöntur og kryddjurtir. Fljótlega verður settur upp grenndarskógur í nágrenninu með hjálp Miðstöðvar útivistar. Það á að vera tilbúið í lok sumars og horfum við fram á við með tilhlökkun til þessa nýja ævintýris.
--	--

Hvað var metið?	Námssviðin
Hvernig fór matið fram?	Með starfsfólki í hópum á starfsdegi þar sem Anna Magnea Hreinsdóttir kom og kynnti breytingar á aðalnámskránni.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk tók þátt og var þeim skipt niður í hópa.
Helstu niðurstöður mats:	Við tókum fyrir hvað við værum að gera í dag í <i>sköpun og menningu, sjálfbærni og vísindum, heilbrigði og velferð og læsi og samskiptum</i>. Við erum að gera flotta hluti í Geislabaugi, börnin fá að upplifa og njóta og finna fyrir ánægju og gleði. Efniviður er margvíslegur, það er ferlið sem skiptir máli ekki endilega útkoman. Við höfum verið ötul að kenna börnunum að þykja vænt um hvort annað og náttúruna. Við veltum vöngum yfir umgengni, eflum vellíðan barna í gegnum jákvæðan aga og með aðstoð Blæstunda og barnafunda. Hreyfing er mikil í Geislabaugi en hér er gott rými fyrir leik, að ganga upp og niður stiga og við förum í ótal göngutúra. Við ræðum tilfinningar og börn fá að sýna sínar tilfinningar. Það eru alltaf tækifæri til umbóta og gera betur. Kennarar þurfa að vera meira með í leik til þess að efla samskipti og læsi barna án þess þó að taka yfir leikinn. Börnin eiga að fá að njóta sín í leiknum og við hin fullorðnu getum sett inn kveikjur og farið í flæði með þeim. Við viljum stuðla að hæglátu leikskólastarfi og það má gera á svo margan hátt, vera með færri börn í fataherberginu og minni hópa í samveru. Við hvetjum börnin til að efla trú á eigin getu og gefum þeim





	tækifæri á að tjá tilfinningar sínar og tala um þær, setjum upp tilfinningakrukku o.fl. Við setjum upp lausnarhjól á öllum eldri deildunum og einfalt lausnarhjól á yngri deildum. Verðum dugleg að valdefla yngri börnin því þau geta meira en við höldum. Fáum börnin til að leysa mál á eigin forsendum og við fullorðnu þurfum að vera til taks. Gefum börnunum fleiri hlutverk en núna erum við t.d. með blómaverði, borðþjóna, veðurfræðinga, umsjón með fataklefa o.fl. en það mætti bæta við fleiri hlutverkum því það eflir inngildingu allra barna.
--	--

Ytra mat

Hvað var metið?	Ánægja, starfsandi, stjórnun, líðan barna, öryggi og velferð.
Hvernig fór matið fram?	Rafræn könnun um stofnun ársins á vegum Sameykis og foreldrakönnun á vegum SFS.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk og foreldrar.
Helstu niðurstöður mats:	Starfsmannakönnun kom vel út. Við erum ákveðin í að gera enn betur og þá þurfum við öll að leggjast á eitt og ekki síst stjórnendur. Mikil ánægja er í skólanum meðal starfsfólks og það er stolt af starfi sínu. Starfsfólkið hefur einnig mikinn áhugi á starfinu. Við skorum hátt hvað varðar <i>jafnrétti og vinnustaðarmenningu og starfsanda og ánægju í starfi</i>. Tækifærin eru nokkur sem má bæta og þau helstu eru stjórnun og upplýsingaflæði. Foreldrakönnunin kom mjög vel út og 98,7% barna líður vel í skólanum. Við höfum bætt okkur mikið síðan 2023 og viljum við auðvitað að öllum börnum líði vel í skólanum og það er okkar markmið á næsta skólaári. Við höfum kynnt báðar þessar kannanir fyrir starfsfólkinu. Við munum styðjast við niðurstöður þessara kannanna meðal annars við gerð áherslna næsta árs. Höldum





áfram með það sem vel er gert og bætum það sem betur má fara. Það munum við gera með að rýna áfram í einkunnarorðin okkar sem eru: *virðing, gleði, sköpun og jafnrétti*.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Við völdum þessa fjóra þætti sem umbótaþætti næsta skólaár

Stjórnun, Jákvæður agi, Mannauður/leikskólabragur, Málstefna

Hvað var metið?	Uppeldis- og menntastarf
Umbótaþáttur/matsþáttur	Stjórnun.
Tækifæri til umbóta. Hvaða árangri er stefnt að?	Stefnt er að því að starfsfólk viti að hverju það gengur og viti hvað er ætlast til af þeim. Starfsumhverfið sé öruggt og upplýsingaflæði gott. Árangur ætti að koma fram í líðan allra á vinnustaðnum.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Höfum fasta fundi stjórnenda í byrjun vikunnar, skýrari markmið, verum í takt og ræðum ágreiningsmál áður en það er lagt fyrir hópinn. Komumst að sameiginlegri niðurstöður sem samræmist áherslum okkar. Höfum skýrara upplýsingaflæði með því að setja upplýsingaskjá í kaffistofu og að deildarstjórar komi upplýsingum áleiðis til sinna starfsmanna.
Ábyrgð:	Leikskólastjóri / Aðstoðarleikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Er þegar byrjað og lýkur vor 2026.
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið verður út frá skoðanakönnun Sameykis og spurningalistum innanhúss.
Viðmið um árangur:	Að gert verði endurmat í lok árs 2025 og er þá von okkar að við höfum náð betri árangri í upplýsingagjöf en á seinasta skólaári.

Hvað var metið?

Leikskólabragur





Umbótaþáttur/matsþáttur	Jákvæður agi.
Tækifæri til umbóta. Hvaða árangri er stefnt að?	Fleiri starfsmenn þurfa að fara á réttindanámskeið í jákvæðum aga. Höldum áfram með teymisfundi og leggjum inn verkfæri þannig að árangur verði sýnilegur á samskiptum barna og kennara. Stefnt er að því að allar deildar verði allar farnar að vinna með lausnarhjólið um áramót 2025-2026.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Með reglulegum teymisfundum þar sem einn kennari frá hverri deild situr og er jafnframt tengiliður Jákvæðs aga., kennarar tileinki sér lausnahjólið og fái lesefni sem hjálpar okkur að innleiða það. Nota kennaraspjöld Jákvæðs aga til að æfa okkur í samskiptum þar til markmiði er náð í samskiptum meðal kennara og barna.
Ábyrgð	Deildarstjórar og teymið í jákvæðum aga.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst strax á haust mánuðum og lýkur vor 2026.
Hvenær og hvernig á að meta?	Nota gátlista menntastefnunnar um félagsfærni á starfsdögum, janúar 2026 Einnig á teymisfundum og yfirfara samskiptasáttmálann á haustdögum. Skoða samskipti barnanna með samtölum við þau og rýna í samskipti meðal barnanna.
Viðmið um árangur	Handbók jákvæðs aga og skólanámskrá og viðmið og vísbendingar frá SFS

Hvað var metið?	Mannauður / leikskólabragur
Umbótaþáttur/matsþáttur	Mannauður
Tækifæri til umbóta. Hvaða árangri er stefnt að?	Bæta enn frekar starfsandann, umhverfið, jákvæðni og að kennarar sýni ábyrgð. Þetta er ekki einungis í höndum stjórnenda.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Setja af stað mannauðsteymi sem hittist ca tvisvar á önn og geri áætlun sem verður borin undir stjórnendur.
Ábyrgð:	Leikskólastjóri / Aðstoðarleikskólastjóri





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2025 -vor 2026 og jafnvel lengur
Hvenær og hvernig á að meta?	Starfsmannakönnun vorið 2026
Viðmið um árangur:	Stefnum að því að starfsmannakönnun sem er gerð á vegum Sameyki hækki umtalsvert og ánægja starfsfólks verði enn þá meiri

Hvað var metið?	Málstefna
Umbótaþáttur/matsþáttur	Málstefna.
Tækifæri til umbóta. Hvaða árangri er stefnt að?	Búa til málstefnu sem við erum sátt við og tileinkum okkur. Stefnt er að því að allir viti hvað málstefna er og til hvers er ætlast af okkur. Aðstoða starfsmenn af öðru þjóðerni við íslensku kennslu.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Læsisteymi fær það verkefni að kynna sér Menntastefnu Reykjavíkurborgar og kemur með tillögur af málstefnu fyrir leikskólann okkar.
Ábyrgð:	Læsisteymi leikskólans.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í október 2025 og lýkur í febrúar 2026.
Hvenær og hvernig á að meta?	Skoðanakönnun meðal starfsmanna og viðtöl við börn. mars 2026
Viðmið um árangur:	Málstefna Reykjavíkurborgar og Miðju máls og læsis.





4 Innra mat Lindarinnar 2024-2025

Skólaárið 2024-2025 voru 19 börn á Lindinni öll fædd 2022. Þrjú börn komu frá Stjörnunni og 16 ný börn hófu leikskólagöngu sína á Geislabaugi. Aðlögunin fór fram í ágúst og september og gekk vonum framar. Þetta var kraftmikill, skemmtilegur og forvitinn hópur. Eins og á fyrra skóla ári var einblínt á að leyfa börnunum að njóta sín sem mest í leik og gekk það vel.

Styrkleikar

Í umbótaáætlun fyrir árið 2024-2025 voru teknir fyrir þættirnir félagsfærni, sjálfsefning, málörvun/læsi, sköpun og skráningar. Unnið var með jákvæðan aga og vináttuverkefnið Blæ sem tengist daglegu starfi deildarinnar á margan hátt.

Í félagsfærni var unnið með að börnin sýni félagslegan áhuga gagnvart hvert öðru og að þau finni að þau tilheyra hópnum. Börnin höfðu gaman að Blæstundum, sérstaklega tónlistinni sem fylgir. Unnið var með að börnin væru góð við hvert annað og væru hjálpsöm og gekk það vel. Blær efldi þau í vináttu, virðingu og hjálpsemi í leik. Þau fengu að aðstoða við dagleg verk, eins og t.d. að leggja á borð, ganga frá eftir matartíma, brjóta saman þvott og ganga frá leikföngum, en allt þetta ýtir undir sjálfstæði og tilfinningu barnanna fyrir að tilheyra hópnum.

Í sjálfsefningu einblíndum við á að auka færni barnanna til að gera sem mest sjálf í matartíma og að þau gætu klætt sig í og úr fatnaði. Undir lok skólaársins voru börnin orðin sjálfstæð í fataklefanum og sýndu góða getu í daglegum athöfnum.

Í málörvun og læsi fengu börnin að njóta sín í gæðalestri. Við nýttum vel bækur og söng til að auka orðaforða. Börnin sýndu aukinn áhuga á bókum og tóku virkan þátt í söng. Unnið var með Lubba til að ýta undir málhljóðin og eru börnin orðin góð í að þekkja stafinn sinn, hljóð hans og að klappa einfaldar samstöður.

Í sköpun var unnið með að börnin myndu njóta sín í listasmiðju. Litir og blöð voru alltaf aðgengileg sem ýtti undir frumkvæði þeirra.

Í skráningum var unnið með að líta yfir ferilmöppur barnanna og staðan tekin á fjölda skráninga hjá hverju barni. Öll börn fengu öll jólagjafa-, afmælis- og öskudagsskráningu í ferilmöppur sínar ásamt listaverkum þeirra. Börnin hafa mikla ánægju að því að skoða möppurnar sínar og fylgjast með eigin þróun.





Tækifæri

Í félagsfærni er markmiðið að halda áfram með reglulegar og markvissar Blæstundir og nýta betur verkfæri jákvæðs aga með því að einblína á 5 – 10 verkfæri í einu.

Við viljum halda áfram að hjálpa börnunum að hætta með bleyjur áður en þau fara yfir á eldri deild. Gekk það mjög vel í vetur þar sem einungs fjögur börn fóru yfir á aðra deild með bleyju. Einnig viljum við efla sjálfstæði þeirra enn frekar í klæðnaði og daglegum athöfnum.

Mikilvægt er að hafa gæðalestur á hverjum degi með skýrum ábyrgðaraðilum. Einnig munum við halda áfram að nota myndir markvisst með söng til að styrkja orðaforða og skilning barnanna.

Markviss listasmiðja með skráningu og fleiri verkefnum er tækifæri í sköpun. Einnig er tækifæri til að skipta hópnum betur niður til að tryggja nægilegt rými fyrir hvert og eitt barn og að halda athygli þeirra í sköpunarferlinu.

Okkur langar að auka vægi daglegra skráninga og nýta ljósmyndaskráningar þar sem augnablik eru fögur og áhrifarík.

5 Innra mat Stjörnunnar 2024-2025

Veturinn 2024-2025 voru fimm börn fædd 2022 og 10 börn fædd 2023 á Stjörnunni. Við fengum alveg nýjan barnahóp fyrir utan eitt barn sem var áfram frá seinasta vetri. Aðlögun fór fram í ágúst og september og gekk mjög vel. Kynjaskiptingin var nokkuð jöfn, frábrugðið frá árinu áður þar sem drengir voru í meirihluta. Börnin voru fljót að aðlagast nýju umhverfi og kennurum og voru tilbúin að takast á við þennan nýja kafla í lífi sínu. Þegar börnin eru svona ung skiptir leikurinn mestu máli sem og að læra á leikskólaumhverfið, því einblíndum við að mestu á þessa tvo þætti á skólaárinu sem er að ljúka.

Styrkleikar

Í umbótaáætlun 2024-2025 voru teknir fyrir þættirnir félagsfærni, sjálfsefling, málörvun/læsi, sköpun og skráningar.

Unnið var með verkfæri jákvæðs aga og vináttuverkefni Barnaheilla (Blær) í félagsfærni og fannst okkur börnin sýna hvert öðru meiri virðingu, góðvild og félagslegan áhuga. Blæstundirnar ganga vel og börnin njóta þeirra.

Í sjálfeflingu lærðu börnin að nýta sér viðeigandi áhöld í matartíma, ganga frá eftir matartímann og að þrifa andlit og hendur með klútum og gekk það vel. Börnin hafa gaman af því að ganga frá eftir máltíð og leggja þannig sitt af mörkum. Undir lok skólaárs voru elstu börnin einnig farin að klæða sig





að mestu sjálf og sýndu sjálfstæði í daglegum athöfnum. Börnin voru hvött til að klæða sig úr buxum og sokkum á meðan bleyjuskipti stóðu yfir og gekk það vel.

Málörvun gekk vel. Gæðalestur var á hverjum degi fyrir öll börn með áherslu á endurtekningu og áhuga barnanna á bókum. Farið var yfir fyrstu 5 málhljóðin í samveru með aðstoð Lubba. Börnunum finnst gaman að syngja lögin og framkvæma hreyfingar. Einnig voru sungin lög í samveru þar sem börnin lærðu rím og æfðu sig í að klappa einfaldar samstöður.

Mikil sköpun var yfir veturinn bæði í formi skipulagðra verkefna og frjálsra verkefna. Börnin sýndu sköpun mikinn áhuga og nutu sín vel í því. Eins og Reggio stefnan segir þá er það oft ferlið sem skilar meiri árangri en útkoman. Almennar skráningar gengu vel og eru öll börn með fastar skráningar (jól, öskudagur og afmæli). Börnin fengu einnig auka skráningar eins og t.d. hvernig við sofum, skoðum náttúruna með Sigga o.s.frv. Börnin hafa gaman af því að skoða skráningarnar sínar og þær veita gott yfirlit yfir þróun þeirra.

Tækifæri

Í félagsfærni höldum við áfram að nýta okkur Blæstundir og verkfæri jákvæðs aga og kennum börnunum einnig að nota Blæ í daglegu starfi.

Hvað varðar sjálfsefningu þá leggjum við áherslu á að börnin geti gert meira sjálf, þrátt fyrir ungan aldur og byrjum fyrr að kenna þeim að ganga frá eftir matartímann, nýta sér viðeigandi áhöld og þrífa andlit og hendur eftir matartímann.

Gæðalestur hefur gengið vel og höldum við honum áfram en byrjum Lubbastundir seinna á árinu til að viðhalda áhuga barnanna.

Í sköpun skiptir máli að bæta aðgengi að opnum efnivið og efnisveitu (Remida) og að nýta betur seinni part dags til skapandi verkefna og leyfa börnunum að njóta ferlisins.

Mikilvægt er að gera markvissari daglegar skráningar, ekki aðeins við sérstök tilefni og auka notkun ljósmyndaskráninga til að fanga augnablik án mikils texta.





6 Innra mat Lautarinnar 2024-2025

Á Lautinni voru 25 börn. Það voru þrír árgangar, 2020, 2021 og 2022. Deildin samanstóð af 19 strákum og sex stelpum. Flottur barnahópur sem vann saman að því að hjálpa hvert öðru og mynda vináttusambönd.

Styrkleikar

Í Umbótaáætlun 2024-2025 voru teknir fyrir þættirnir félagsfærni, sjálfsefning, málörvun/læsi, sköpun og skráningar.

Í félagsfærni var unnið með jákvæðan aga, vináttuverkefnið Blæ og svæðaleikinn. Í Blæstundum var lögð áhersla á að taka fyrir umræður um daglegar athafnir, ef það komu upp ágreiningar á milli barna á deildinni þá var það tekið fyrir í Blæstund og rætt um mikilvægi þess að vera góð hvert við annað og sýna hvert öðru virðingu. Við ákváðum þetta skólaár að vinna með Blæ í morgunsamveru, það gekk betur að halda börnunum við efnið þá frekar en í hádegissamverunni. Þá fengu þau að borða ávexti á meðan Blæstundin var. Þeim var skipt niður í þrjá hópa eftir aldri sem gekk vel. Í Jákvæðum aga einblíndum við á að nota barnafundi, þar sem við leyfðum börnunum að vera virkir þátttakendur í daglegu starfi sem snýr að þeim. Þau fengu t.d. að semja reglur fyrir deildina, nefna hópana sína og gáfu herbergjum deildarinnar nöfn. Börn finna fyrir meiri ábyrgð þegar þau fá að vera þátttakendur í ákvörðunum. Svæðaleikurinn gekk misvel, það var oft erfitt að halda börnunum á sínum svæðum og fá þau til þess að skilja hvernig svæðaleikurinn gengur fyrir sig. Svæðaleikurinn gefur börnunum fleiri tækifæri til að kynnst hvert öðru í leik þar sem þau blandast meira í svæðaleiknum og kynnst betur vinum sínum og öðrum í leik.

Í sjálfsefningu lærðu börnin að skammta sér sjálf mat í morgunmat, hádegismat og hressingu. Við byrjuðum að leggja meiri áherslu eftir áramót að börnin lærðu að skammta sér sjálf morgunmat og að smyrja sjálf og hella í glösin sín í hressingunni. Í hádeginu fóru þau í matstofuna þar sem þau lærðu að fara í röð, skammta sér sjálf mat frá hlaðborði, velja sér sæti, ganga frá eftir sig og í lokin að þrifa andlitið. Einu sinni í viku fóru börnin í flæði á milli þriggja elstu deildanna og eftir áramót bættist fjórða deildin með í flæði. Í flæðinu fá börnin meira frelsi í leiknum þar sem þau fá að fara á aðrar deildir leikskólans og kynnst öðrum börnum innan leikskólans.

Í málörvun og læsi lögðum við áherslu á Lubbastundir. Börnin fóru einu sinni til tvisvar í Lubbastund í viku. Eftir að við byrjuðum að vera með Lubbastundir í morgunsamverunni þá gekk betur að halda athygli barnanna en þegar við vorum með Lubba eftir hádegi. Börnin fengu að borða ávexti á meðan þau voru í Lubbastund. Með aðstoð Lubba lærðu börnin málhljóðin, þekkja stafina, rím og að skrifa stafina sem þau voru að læra. Börnunum var skipt niður í þrjá hópa eftir aldri í morgunsamverunni.





Einnig vorum við með lestur í morgunsamverunni sem gekk betur en lestur í hádegissamverunni. Í hádeginu lögðum við meiri áherslu á söng og hreyfingu. Við fórum reglulega í hópum á bókasafnið í Úlfarsárdal í lestrarstundir.

Þar sem leikskólinn vinnur eftir Reggio stefnunni þá er lögð mikla áhersla á sköpun. Á síðasta skólaári var unnin rannsókn á Lautinni þar sem skapandi efniviður var gerður aðgengilegur börnunum. Við vorum áfram með efniviðinn sýnilegan og flestan efnivið aðgengilegan. Var því mikið unnið með skapandi efnivið á deildinni. Börnin lærðu að nota saumnálar til þess að sauma í efni. Einnig fengu börnin að kynnst saumavél og prófa að sauma sjálf í efni með saumavélinni. Þeim þótti mjög gaman að læra á saumavélina.

Almennar skráningar gengu vel, öll börn fá jóla-, afmælis- og öskudagsskráningar. Við bættum við nokkrum nýjum skráningum m.a. gönguferðum, bókasafnsferðum og Lubbastundum. Ferilmappa barnanna er þeim aðgengileg allan daginn og finnst þeim gaman að kíkja reglulega í möppur sínar og skoða bæði gamlar og nýjar skráningar.

Tækifæri

Í félagsfærni höldum við áfram með reglulegar Blæstundir og nýtum okkur verkfæri jákvæðs aga eins og t.d. barnafundi. Við munum leggja meiri áherslu á barnafundi, nýta börnin í ákvarðanatöku sem snýst að þeim og umhverfi þeirra. Einnig munum við halda áfram að þróa svæðaleikinn.

Í sjálfseflingu höldum við áfram að hvetja börnin í að vera sjálfstæð í matartímanum, skammta sér sjálf mat, smyrja sjálf og hella í glösin sín. Við munum leggja meiri áherslu á sjálfshjálp í fataherberginu, kenna börnunum að klæða sig sjálf í og úr útifötum. Einnig munum við kenna þeim að meta sjálf hversu vel þau eiga að klæða sig eftir veðri.

Í málörvun leggjum við áherslu á Gefðu 10, hafa fleiri lestrarstundir og einblína á þau börn sem þurfa mest á málörvun að halda.

Í sköpun höldum við áfram að hafa skapandi efnivið sem aðgengilegastan fyrir börnin og hvetja þau áfram til sköpunar. Við munum einnig finna fleiri verkefni í útiverunni sem ýta undir sköpun.

Með skráningunum ætlum við að leggja meiri áherslu á ljósmyndaskráningar, bæta okkur í að skrá daglegt starf með myndum en ekki texta. Ljósmyndir geta verið mjög lýsandi og er óþarfi að hafa mikinn texta með.

7 Innra mat Sólarinnar 2024-2025

Á Sólinni voru 25 börn á aldrinum 3-6 ára. Átta börn komu frá Lautinni og þrjú frá Lindinni. Deildin samanstóð af 16 stelpum og níu stráku og voru stelpurnar því í miklum meiri hluta á deildinni. Þetta



var flottur, kraftmikill og skemmtilegur hópur. Í umbótaáætlun fyrir árið 2024-2025 voru teknir fyrir þættirnir félagsfærni, sjálfsefning, málörvun/læsi, sköpun og skráningar.

Félagsfærni

Í félagsfærni var unnið með að börnin séu örugg í samskiptum og félagslegri færni. Það gerðum við í gegnum vináttuverkefnið Blæ og með verkefnum jákvæðs aga. Barnafundir og Blæstundir voru unnar í þremur hópum með tilliti til getu og þroska barnsins frekar en aldri þess og gengu þær vel yfir árið.

Styrkleikar: Við unnum í litlum hópum og náðu flest börn að fara í hverja stund einu sinni í viku. Blæstundir gengu vel og í þeim var unnið mikið með bækur sem snúa að félagsfærni. Barnafundir gengu einnig mjög vel og eru börnin búin að eflast mikið í framkomu og tjáningu. Þau eru orðin dugleg að hlusta á hvort annað og stöðva óæskilega hegðun.

Tækifæri til umbóta: Stefnum á að halda áfram með reglulega barnafundi og Blæstundir. Það mætti fara dýpra í viðfangsefni Blæstundar og gera meira úr stundunum. Einnig viljum við koma fleiri starfsmönnum deildarinnar inn í stundirnar og verkefni jákvæðs aga.

Sjálfsefning

Á Sólinni unnum við mikið með sjálfsefningu barnanna og sáu börnin um flestar daglegar athafnir að mestu sjálf.

Styrkleikar: Börnin eru orðin mjög sjálfstæð í matartíma, þau skammta sér sjálf, ganga frá eftir sig og fá að skera ávexti fyrir ávaxtastund. Við á Sólinni erum dugleg að fá börnin með okkur í allskonar verkefni og gefa þeim hlutverk. Þau fá til dæmis að sópa gólf, sækja mat og hluti inn í eldhús, þurrka af og vökva plöntur. Við leggjum mikla áherslu á að efla börnin í fataklefanum og öll börnin klæða sig að mestu sjálf.

Tækifæri til umbóta: Við viljum leggja áherslu á að börnin geti gert meira sjálf. Hvetja þau að vera duglegri að ganga frá eftir sig, sérstaklega í fataklefanum og byrja aftur með fataklefastjóra.



Málörvun og læsi

Í málörvun og læsi var unnið með að börnin nái góðum tókum á flestum málhljóðum og að öll börn fái viðeigandi málörvun yfir allt skólaárið. Í málörvun lögðum við áherslu á Lubba og fór hver hópur í

Lubbastund einu sinni í viku. Tákn með tali var líka mikið notað á Sólinni og fengu öll börn og kennarar sitt eigið tákn.

Styrkleikar: Lubbastundir gengu vel. Við náðum að fara yfir öll málhljóðin á listanum. Börnunum fannst mjög gaman að syngja Lubbalögin, læra táknin fyrir málhljóðin og ríma. Fyrir hádegismat var börnunum skipt upp í tvo hópa og lesið fyrir þau. Einnig fórum við í reglulegar sögustundir á bókasafnið. Krakkarnir fengu mikinn áhuga á lestri og voru dugleg að koma með bækur að heiman.

Tækifæri til umbóta: Við viljum leggja meiri áherslu á reglulegri og meiri einstaklingsbundna málörvun. Einnig viljum við vinna betur með Gefðu 10.



Sköpun

Í sköpun var unnið með að börnin læri að virkja ímyndunarafl sitt, sýna frumkvæði og gagnrýna hugsun. Á Sólinni er skapandi efniviður alltaf aðgengilegur og börnin dugleg að nota hann.



Styrkleikar: Börnin eru dugleg að blanda saman efnivið og búa til eitthvað skemmtilegt úr því. Við færðum hlutverkaleikinn inn í herbergi með holukubbum en þar verður mikill skapandi leikur og börnin dugleg að búa til allskonar hús, búðir, svið o.fl.

Tækifæri til umbóta: Setja oftar upp kveikjur fyrir börnin inn á deild. Fylgjast betur með leik barnanna til að uppgötva kveikjur að verkefnum til að gera.

Skráningar

Skráningar gengu vel þetta skólaár. Við vorum með skráningarblað inni á deild yfir hvaða skráningar og föndur ættu að fara í möppurnar en það voru jólagjafa-, afmælis- og öskudagsskráningar ásamt sjálfsmynd, fjölskyldumynd og árstíðabundnu föndri.

Styrkleikar: Við vorum dugleg að fylgja listanum og öll börn fengu áætlaðar skráningar og föndur. Möppurnar eru aðgengilegar börnunum og þeim finnst mjög gaman að skoða þær.

Tækifæri til umbóta: Gera fleiri frjálsar og sjálfsprottnar skráningar úr daglegu starfi.

8 Innra mat Fjallið.

Á Fjallinu voru 22 börn að hausti 2024. Það voru þrír árgangar: níu börn fædd 2019, átta börn fædd 2020 og fimm börn fædd 2021. Í janúar bættist síðan eitt barn fædd 2019 við, þannig að barnahópurinn



var kominn í 23 börn. Skipulag deildarar var látið halda sér þar sem það hafði virkað vel. Unnið var með Blæ, Lubba og barnafundi sem er í tengslum við jákvæðan aga. Börnunum var skipt upp í þrjá hópa eftir aldri, getu og þroska. Hver hópur fór einu sinni í viku í hverja stund. Svæðaleikurinn var á morgnana milli kl. 9:30 og 11:00. Í svæðaleik völdu börnin sér svæði til að leika á. Svæðin voru byggingasvæði, læsissvæði, listasvæði og leiksvæði en það er öll önnur svæði en þau sem tilgreind voru hér að framan. Reynslan hefur sýnt að meiri ró kemst yfir hópinn þegar svæðaleikur er notaður, frekar en þegar því er sleppt.

Félagsfærni:

Blæfundir héldust nokkuð reglulegir yfir árið. Þar sem farið var yfir vináttu. Einnig var markvisst unnið að því fyrri hluta árs að lesa bækur fyrir hópinn sem fjölluðu um vináttu.

Styrkleikar: Börnin fengu góða innsýn inn í það hvernig á að koma fram við aðra í kringum sig. Það gerðist öðru hverju að fundirnir duttu niður en röð hópana hélt sér samt sem áður, þannig allir hóparnir fóru í gegnum sama efnið þó það færðist yfir á næstu viku.

Tækifæri til umbóta: Vera opin fyrir því að taka Blæ hópa á öðrum tíma dags ef ekki næst að gera það á tilteknum tíma. Þannig að málefnið sem unnið er með haldi sér innan vikunnar.

Sjálfsefning:

Á Barnafundum var haldið áfram að gefa börnum rödd og leyfa þeim að finna lausnir fyrir deildina. Einnig var haldið áfram að finna hlutverk fyrir börnin. Fyrir vorum við með umsjónamann. Það hlutverk var dýpkað með aðkomu sjónræns matardisks sem börnin lásu af hver ættu að fara fyrst í mat. Þetta virkaði vel og voru börnin ánægð og rólegri að hafa þetta sjónrænt. Einnig byrjuðum við með svokölluð Blómabörn, en það voru tvö börn í hverri viku sem sáu um að vökva blómin.

Styrkleikar: Það að börnin hafa rödd og hlutverk ýtir undir sjálfstæði þeirra og öryggi. Þau aðstoða hvert annað í hlutverkum sínum og læra þannig af hvort öðru.

Barnafundir áttu það til að detta niður. Þá voru teknir stærri fundir í staðinn fyrir þá sem féllu niður. Ætlunin var að koma inn fleiri hlutverkum eins og Fataklefastjóra en það náðist ekki.

Tækifæri til umbóta: Halda áfram með Barnafundina og ná þeim á reglulegt ról. Best er að fleiri en einn kennari sjái um þá þannig að hægt sé að halda þá einu sinni í viku fyrir hvert barn. Koma Fataklefastjóranum í gang.

Málörvun/Læsi:

Lubbastundir fóru fram með reglubundnum hætti yfir skólaárið. Hóparnir þrír unnu ekki alltaf með sömu stafina samtímis, þar sem börnunum var skipt í hópa eftir aldri og þroska. Af þeim sökum voru hóparnir mislangt komnir í vinnu sinni.





Málörvun fór einnig fram í samverustundum með öllum hópnum og gekk sú vinna almennt vel. Fyrir þau börn sem þurftu frekari stuðning var unnið markvisst með *Gefðu 10*. Kennarar skiptu þá með sér ábyrgð á að sinna þessum börnum reglulega og í samræmi við þeirra þarfir.

Styrkleikar: Kennarar ná betri yfirsýn yfir hópinn þegar börnunum er skipt upp eftir þroska og geta unnið verkefni samkvæmt því. Þetta stuðlar að markvissari vinnu og auknum árangri í málörvun.

Líkt og í Blæ gerðist það öðru hvoru að Lubbastundir féllu niður. Þrátt fyrir það hélt röð hópanna sér að mestu leyti og vannst áframhaldandi vinna með stafina. Þegar boðið var upp á spil sem hluta af málörvun voru það aðallega sömu börnin sem sýndu áhuga og sóttust eftir að taka þátt.

Tækifæri til umbóta: Verum opin fyrir því að taka Blæ hópa á öðrum tíma dags ef ekki næst að gera það á tilteknum tíma. Þannig að málefnið sem unnið er með haldi sér innan vikunnar.

Skoða hvernig má huga að því að hafa ákveðna málörvunarspilahópa sem verða á ákveðnum tímum til að efla virkni og þátttöku þeirra barna sem ekki sækjast eins mikið í það.

Sköpun:

Það var unnið jafnt og þétt yfir veturinn með sköpun. Börnin voru oft spurð hvað þau vildu gera eða þau komu óumbeðin með hugmyndir og kennarar urðu við því. Litir og leir var allaf í boði og málning mjög reglulega.

Styrkleikar: Börnin voru mjög dugleg að blanda saman efnivið og skapa ýmislegt skemmtilegt til að þróa leik sinn áfram.

Kennarar töluðu um að þeir voru ekki vissir hverju þeir ættu að bæta inn í leik barnanna, þá sérstaklega listasvæði. Þeim fannst vanta hugmyndir.

Tækifæri til umbóta: Kennarar verða að vera duglegir að koma með kveikjur inn í leikinn til að dýpka hann. Hafin er vinna við að búa til hugmyndabanka af verkefnum á listasvæðið til að auðvelda kennurum starfið.

Skráningar:

Unnið var áfram með þær skráningar sem hafa fest sig í sessi í starfinu, svo sem jólagjafa-, öskudags- og afmælistskráningar. Auk þess var bætt við fjölbreyttum skráningum sem spretta úr daglegu starfi deildarinnar. Má þar nefna skráningar tengdar sjálfsmynd barna, rannsóknunum, plöntun blóma, afmæli Blæs og ýmsu fleiru.

Góð og markviss venja hefur þróast í skráningarvinnunni og skráningarefnið einkennist af fjölbreytileika sem endurspeglar áhugasvið og reynsluheim barnanna.

Styrkleikar: Helsta sem bæta mæti er að passa að skráningarnar sitji ekki eftir óunnar og vinna þarf þær of margar upp seinna.





Tækifæri til umbóta: Gera lista til að fylgjast betur með hvaða skráningar þarf að gera og hvort þær séu búnar. Þannig sést betur hvort öll börn séu að fá svipað magn af skráningum.

9 Umbótaáætlun 2025-2026 –

Leikurinn sem námsleið barna – Félagsfærni – Heilbrigði og velferð

Stjarnan/Lindin 1-3 ára	
Leikurinn sem námsleið barna.	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Skapa fjölbreyttari og örvandi leikskvæði fyrir börnin sem og auka svigrúm og stuðning við frjálsan leik. Skýra hlutverk starfsfólks í leik barnanna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja upp fjölbreytt svæði með aðgengi að opnum og skapandi efnivið sem ýtir undir skapandi leik og könnun. Halda fræðslu um hlutverk starfsfólks í leik og flæði.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Regluleg umræða og mat á deildarfundum. Leikskráningar og vettvangsathuganir. Sjálfsmat.

Stjarnan/Lindin 1-3 ára	
Félagsfærni	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Halda áfram að nýta verkfæri Jákvæðs aga og Blæstundir.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Blæstundir séu áfram í hverri viku og 5-10 verkfæri Jákvæðs aga nýtt í daglegu starfi.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – maí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráning á stundum og umræðumat á deildarfundum.

Stjarnan/Lindin 1-3 ára	
Heilbrigði og velferð	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla börnin í sjálfshjálpi og hreyfingu. Nýta núvitund og slökun sem hluta af daglegu starfi. Farið verði reglulega í gönguferðir, með fá börn í einu. Fyrst um sinn hringinn í kringum leikskólann til þess að æfa reglur og auka þol. Í byrjun sumars verði svo hægt að fara í göngutúr í nýjan grenndarskóg og lærum í leiðinni á nærumhverfi okkar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Auka þátttöku barnanna í hreyfingu, útiveru og sjálfsumönnun eins og að klæða sig og þvo hendur. Halda núvitundarstundir, notast við slökun, nudd og rólegar stundir í lok dags.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráning og umræðumat á deildarfundum. Athuganir á hegðun og líðan barna.

Fjallið/Sólin 3-5 ára	
Leikurinn sem námsleið barna. Þar inn í flettast inn læsi og sköpun	





Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Skapa fjölbreytt og örvandi leikskvæði fyrir börnin sem og auka svigrúm og stuðning við frjálsan leik. Starfsfólk setji upp kveikjur í leik barnanna. Og geri leikskvæðin að þriðja kennaranum. Passa að efniviður sé í hæð barnanna og þeim aðgengilegur þannig þau geti þróað leik sinn áfram hindrunarlaust. Byrjað er að búa til hugmyndabanka af verkefnum á listasvæðið til að auðvelda kennurum. Skoða það að gera ákveðna málörvunar spilahópa sem verða á ákveðnum tímum, til að ná þeim börnum sem ekki sækjast eins mikið í það.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að leiksvæðið sé aðlagandi og hvetjandi til leiks.
Ábyrgð	Deildastjóri og starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Tekið fyrir á Barnafundum hvað börnin vilja gera og hvað/hvort þeim finnst skemmtilegt að í leika á svæðunum. Starfsfólk taki fyrir á deildarfundum hvernig gangi og hvað má gera betur. Metið 1 -1,5 mánaða fresti.

Fjallið/Sólin 3-5 ára	
Félagsfærni	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Halda áfram að vinna með Blæ. Tvinna inn í Blæ- stundir sjálfstæði og vald- eflingu. Vinna með barna- fundi. Lesa bækur um félagsfærni. Vinna með spil til að efla félagsfærni og samskipti.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Litlir hópar þar sem barn fer minnst einu sinni í viku í Blæstund. Nota samverur, barnafundi og efni úr Blæ ásamt öðru efni um félagsfærni. Td. lesnar bækur um félagsleg samskipti. Hafa spil í boði í litlum hópum í svæðaleik og á ýmsum tímum dags.
Ábyrgð	Deildastjóri og starfsfólk deildarinnar.





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Taka samtál með börnunum á Barnafundum um hvernig gangi að skiptast á og vera vinir. Metið 1 -1,5 mánaða fresti.

Fjallið/Sólin 3-5 ára	
Heilbrigði og velferð	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Farið verði reglulega í gönguferðir og lært inná nærumhverfi okkar. Notast verður við Grenndarskógin okkar og átt þar samverustundir/Barnafundi. Börnin verði hvött á að borða hollan mat og vera dugleg að smakka. Og að þau læri að skammta sér sjálf hæfilegu magni af mat.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skipulagðar verði gönguferðir í litlum og stórum hópum. Á Barnafundum verði á samtál við börnin um hollan mat og þau hvött til að koma með hugmyndir af því hvernig þau geta lært að skammta sér nóg.
Ábyrgð	Deildastjóri og starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á Barnafundum er samtalið tekið um hvernig gangi í gönguferðum og í matstofu. Metið 1 -1,5 mánaða fresti jafnvel lengra ef vel gengur.

Lautin 2-3 ára	
Leikurinn sem námsleið barna. Þar inn í flettast inn læsi og sköpun	Leggja meiri áherslu á að setja upp kveikjur fyrir börnin á morgnana.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Við kennum börnunum að fara vel með dót og hvað er hægt að gera með dótið, hugsa út frá hvað börnunum





	spennandi, ekki bara það sem er 'venjulega' gert með dótið. Ætlunin er að hugsa út fyrir rammann.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gefa börnunum aðgang að fjölbreyttu dóti, efla sköpunargleði og kynna fyrir þeim mismunandi efnivið. Kennarar ákveða ekki leikinn heldur stýrir barnahópurinn því.
Ábyrgð	Allir kennarar á deildinni.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sep. 2025- maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Við notum jákvæðan aga og barnafundi til að tala við börnin um hvað þeim finnst spennandi og hvort það sé eitthvað sem þeim langar að prufa eða vinna með. Við sýnum foreldrum í gegnum skráningar og fréttabréf hvað var gert og hvað börnin unnu.

Lautin 2-3 ára	
Félagsfærni	Nýta gæðalestur til að efla félagsfærni hjá börnunum. Við leggjum áherslu á til dæmis vináttu, daglegt líf, fjölskyldu, fjölbreytileikann og/eða það sem börnunum finnst spennandi.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Börnin læra að taka tillit til annarra og geta sett sig í þeirra spor. Lubbi ferðabangsinn fer heim með börnunum hverja helgi og börnin fá að lesa fyrir Lubba heima og segja frá á mánudögum hvað þau lásu fyrir Lubba og hvernig gekk.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Í litlum hópum eftir útiveruna og grípa tækifæri til að ræða það sem átti sér stað yfir daginn í gegnum lestur. Þetta er góð gæðastund sem við eigum saman.
Ábyrgð	Deildarstjóri og aðrir kennarar deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept. 2025 – maí 2026, á hverjum degi eftir hádegi
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Að þau læri að hlusta á sögur, sýna skilning og félagslegan áhuga.





Lautin 2-3 ára	
Heilbrigði og velferð	Við kennum börnunum leiðir til vellíðan yfir daginn í leikskólanum.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Börnin læra að þekka sjálf sig vel, geta sett mörk og segja stopp, finna leið til vellíðanar og hvernig þau geta náð stjórn á sjálfum sér.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Við gerum æfingar í litlum hópum til að anda og róa okkur niður, vinna í núvitund með því að gera jóga æfingar og hvernig við getum slakað á og förum með börnin í göngutúra í hverfinu okkar. Kynna fyrir þeim nærumhverfið og fara reglulega í grenndarskóg til að skoða nágrennið og stunda útikennslu (þar getum við takið barnafundi, unnið með mál eða læsi, listasmiðju).
Ábyrgð	Deildarstjóri og aðrir kennarar deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Við notum barnafundi til að meta vellíðan hjá börnunum.

10 Innra mat elstu barna - *Meistarar*

Haustið 2024 voru elstu börnin 23 talsins, á tveim deildum; níu börn á Fjalli og tólf börn á Sólinni. Eitt barn bættist við hópinn í janúar. Verkefnastjóri elstu barna vann markvisst með hópnum bæði inni á deildum, í sal leikskólans og í vettvangsferðum.

Hljóm-2 skimun

Skimunarprófið Hljóm-2 var lagt fyrir öll elstu börnin að hausti. Þau börn og sem voru undir meðaltali í heildarstigum hittust einu sinni í viku frá október og fram í lok febrúar. Þessar 30–40 mínútna stundir fóru fram undir leiðsögn kennara og innihéldu verkefni til að efla hljóðkerfisvitund.





Styrkleikar

- Allur hópurinn fékk sömu innlögn þar sem sami kennari sá um alla framkvæmdina.
- Þetta gaf kennaranum góða yfirsýn yfir hæfni barnanna.
- Sami kennari vann með þeim börnum sem fengu stig undir meðaltali, sem tryggði samfellu og traust.

Tækifæri

- Fimm börn mældust undir meðaltali. Þau byrjuðu saman í einum hópi, en vegna mismunandi þarfa hefði verið ákjósanlegra að skipta þeim strax í tvo hópa eftir hæfni til að tryggja einstaklingsmiðaðri verkefni.

Leikjastundir

Elstu börnin tóku þátt í vikulegum leikjastundum í sal með vinum sínum sem þau fara með í grunnskóla. Í þessum stundum voru sungin lög, farið í málörvunarleiki, hreyfileiki og samvinnuverkefni. Á hausti og vori fengu börnin umferðafræðslu í samstarfi við Umferðarstofu. Að auki tóku þau þátt í FAST-hetjuverkefninu, sem er verðlaunað fræðsluverkefni um einkenni og viðbrögð við heilablóðfalli. Fræðslan fór fram með glærusýningum og börnin unnu í sérstökum vinnubókum.

Styrkleikar

- Leikjastundir voru í samræmi við áherslur leikskólans á félagsfærni.
- Í gegnum leik, söng og hreyfingu var unnið að tengslamyndun milli barna frá báðum deildum.
- FAST-verkefnið var áhugavert og efldi þekkingu barnanna á mikilvægum heilbrigðismálum.

Tækifæri

- FAST verkefnið tók stóran hluta af leikjastundum eftir áramót, sem dró úr tíma til annarrar verkefna í málörvun og leikjum.
- Gott væri að nýta aðrar stundir í FAST-verkefnið til að viðhalda fjölbreytni í leikjastundum.
- Fá fleiri kennara með í leikjastundir til að styðja betur við verkefnin og gera kleift að vinna með allan hópinn í einu.

Meistarastarf - Öll elstu börnin tóku þátt í meistarastarfi einu sinni í viku. Lögð var áhersla á fínhyfingar, sjálfstæði og samvinnu. Unnið var að einstaklings- og hópverkefnum, meðal annars í verkefnabókum sem stuðluðu að auknum talnaskilningi.

Vettvangsferðir - Umhverfi leikskólans var vel nýtt. Farið var í fjölmargar göngu- og vettvangsferðir, bæði í nærumhverfi og með almenningssamgöngum lengra að.

Samvinna við grunnskóla og frístundaheimili - Samstarf við grunnskólana og frístundarheimili í hverfinu var mjög gott. Farið var í skipulagðar heimsóknir bæði að hausti og eftir áramót: fjórar heimsóknir fyrir áramót og fimm eftir áramót í grunnskólana. Í frístundaheimilin var farið í eina heimsókn á hverri önn. Börnin fengu tækifæri til að kynnast húsnæði, starfsfólki og menningu skólanna/ frístund. Einnig komu börn úr fyrsta bekk í leikskólann í október.





Samvinna við íþróttafélag - Leikskólinn tók þátt í samstarfi við íþróttafélagið Fram, sem bauð elstu börnunum upp á vikulegar íþróttæfingar í Sæmundarskóla á föstudagsmorgnum. Foreldrar greiddu æfingagjald. Fyrir áramót tóku 20 börn þátt en 15 eftir áramót.

Barnamenningarhátíð - Leikskólinn hóf samstarf við Tónskóla Reykjavíkur í tengslum við Barnamenningarhátíð í upphafi árs. Börnin lærðu lög sem voru flutt í Hörpunni 21. apríl. Haldin var ein æfing í tónskólanum þar sem grunnskólabörn spiluðu undir. Lögin voru æfð í litlum og stórum hópum í sal Geislabaugis og unnið var að skapandi verkefnum út frá textunum.

Styrkleikar

- Börnin sýndu mikinn áhuga og flestum þóttu lögin skemmtileg.
- Lögin höfðu sterkan boðskap sem nýttist í umræðum um félagsfærni og sjálfsstyrkingu.
- Myndræn framsetning á lögnum hjálpaði börnunum að læra flókinn texta.
- Stundin í Hörpunni var afar vel heppnuð og öllum leið vel.

Tækifæri

- Þar sem þetta var í fyrsta sinn sem leikskólinn tók þátt, voru kennarar að stíga sín fyrstu skref í verkefninu.
- Mikilvægt er að hefja æfingar um leið og lögin berast og nýta kennarasíðuna betur.
- Gott væri að deila hugmyndum milli skóla og nýta fyrri reynslu til að efla þátttökuna enn frekar næst.
- Efla þarf að börnin séu æfð inn á deild, ekki bara á kóræfingu. Spila lögin meira þegar börnin eru í frjálsum leik eða samveru.



11 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum

leikskólans.

Skólaveturinn 2025 til 2026 mun fara vel af stað hjá okkur, starfsmenn mæta fullir atorku og líta björtum augum á nýtt skólaár eftir ánægjulegt sumarfrí.

Stjórnendateymi Geislabaugu munu halda áfram að vera í Lærdómssamfélagi Deildarstjóra, sérkennslustjóra og stjórnenda í vetur. Meira verður um endur- og símenntun hjá kennurum í vetur. Nokkrir kennarar hafa skráð sig til náms, þrír munu stunda fjarnám í leikskólaliðabru hjá Mími, tveir munu í framhaldsnám hjá HÍ, MT í kennarafræðum. Á vegum Menntafléttunnar fara þrír deildastjórar á námskeiðið *Deildastjóri sem faglegur leiðtogi í leikskólastarfi*. Við munum áfram senda kennara á Réttindanámskeið Jákvaðs aga. Við höfum einnig bent yngri deildastjórum okkar á að fara á námskeiðið hjá Þekkingarmiðlun um Jafningjastjórnun. Við höfum undan farin ár fengið til okkar hóp frá *Teacher's Tom*, sem er hópur af erlendum kennurum sem koma hingað til að kynna starfi okkar og ígrunda með okkur leik barna og bíðum við spennt eftir að heyra frá hópnum *Play Iceland* sem hefur skipulagt þetta hér á landi hvenær þau koma þetta skólaár.

Keyptir voru netfyrirlestrarir *Læsi í sjálfsprottum leik og Uppeldisfræðilegar skráningar* af fyrirtækinu Sigöldu ehf. sem verða teknir fyrir á starfsdögum sem tengjast vel því starfi sem við viljum hafa í Geislabaugi. Kennarar geta nýtt sér fyrirlestrana út allt skólaárið ef vilji er fyrir hendi. Kennarar eru ávallt hvattir til að fara námskeið sem eru inni á Torginu- fræðslukerfi Reykjavíkurborgar og jafnframt leita annarra námskeiða sem efla þá í starfi og leik.

Skipulagsdagar verða fjölbreyttir og er ætlun okkar að nýta þá í formi mismunandi námskeiða, fara yfir starfsáætlun og ábyrgð í starfi, hvernig við viljum hafa starfsumhverfi og skólabrag Geislabaugu, skerpa á þriðja kennaranum sem er umhverfið okkar í Geislabaug. Fara í námsferð innanlands til að fræðast og sjá hvað kollegar okkar eru að í öðru sveitarfélagi. Á vormánuðum 2026 munu fara fram starfsþróunarviðtöl.

12 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og

frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.

Að hausti hittast aðilar frá leikskólanum, grunnskólanum og Frístundaheimilunum og fara yfir samstarfið, hvernig hefur gengið og skipuleggja saman næsta skólavetur. Þar er búið til skipulag með dagsetningum og verkefnum. Að vori tekur verkefnistjóri elstu barna saman allar upplýsingar um börnin. Foreldrar samþykkja að þær upplýsingar fari frá leikskólanum. Haldin er fundur með kennurum, forstöðumanni frístundar og stoðþjónustu skólana. Þar sem farið er yfir upplýsingarnar og eyðublöðunum skilað til þeirra.



Foreldrasamvinna

Við erum með starfandi Foreldrafélag og Foreldraráð Geislabaugi. Kosið var í núverandi foreldraráð og foreldrafélag Geislabaugs á síðasta aðalfundi foreldrafélagsins sem haldin var á vormánuðum.

Foreldraráð fer yfir ársáætlun og gefur skólanum umsögn. Jafnframt er foreldráð kynntar fyrirhugaðar breytingar ef svo ber undir og þá er boðað til fundar. Tillögur að sumarlokun er ávallt borin undir foreldraráð áður en það er samþykkt.

Aðalfundur foreldrafélagsins er jafnan einu sinni á hverju skólaári þó aldrei seinna en apríl ár hvert. Farið er yfir ársreikning félagsins, hvað sé fram undan og hvað foreldrum langar að gera fyrir börnin. Þeir föstu liðir sem foreldrafélagið hefur séð um eru gjafir jólasveina til barnanna, hluti af kostnaði við útskrifaferð Meistara (börn sem eru að ljúka fyrsta skólastigi) og margt annað sem foreldrum langar að gera. Ávallt er einn kennari tengiliður við foreldrafélag Geislabaugs.

13 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar eru 6 á skólaárinu 2025 - 2026. Þeir eru, 2. september, 2. október og 28. nóvember (Sameiginlegir skipulagsdagar eru í október og nóvember). 2. janúar, 6. febrúar (sameiginlegur skipulagsdagur) og 15. maí.





14 Fylgiskjöl

14.1 Leikskóladagatal 2025-2026

Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla:

Leikskólinn Geislabaugur

AUGUST		SEPTEMBER		OKTOBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRIL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 F	1 M	1 M	2 F	1 L	2 S	1 F	2 P	1 F	2 F	1 S	2 M	1 S	2 M	1 S	2 M	1 M	2 F	1 S	2 M	1 M	2 P	1 M	2 F
2 L	2 P	2 F	3 M	3 M	4 P	3 M	4 F	3 L	4 M	3 P	4 M	3 P	4 M	3 P	4 M	3 F	4 F	3 P	4 M	3 M	4 F	3 M	4 F
3 S	3 M	4 L	4 L	4 P	5 M	4 F	5 F	4 S	5 M	4 M	5 F	4 M	5 F	4 M	5 F	4 M	5 P	4 M	5 F	4 M	5 F	4 M	5 S
4 M	4 F	5 S	5 F	5 M	6 L	5 F	6 L	5 M	6 F	5 F	6 F	5 F	6 F	5 F	6 F	5 F	6 M	5 F	6 M	5 F	6 L	5 F	6 M
5 P	5 F	6 M	6 L	6 F	7 S	6 M	7 P	6 F	7 M	6 F	7 L	6 F	7 L	6 F	7 F	6 F	7 P	6 F	7 S	6 M	7 P	6 M	7 P
6 M	6 L	7 P	7 S	7 F	8 M	7 F	8 M	7 M	8 F	7 L	8 S	7 L	8 S	7 L	8 S	7 F	8 M	7 F	8 M	7 S	8 M	7 P	8 M
7 F	7 S	8 M	8 F	8 L	9 S	8 M	9 P	8 F	9 F	8 S	9 M	8 S	9 M	8 S	9 M	8 F	9 F	8 F	9 M	8 M	9 P	8 F	9 F
8 F	8 M	9 F	9 P	9 S	10 M	9 P	10 P	9 F	10 P	9 M	10 P	9 M	10 P	9 M	10 P	9 F	10 S	9 F	10 P	9 P	10 F	9 F	10 F
9 L	9 P	10 F	10 M	10 M	11 P	10 M	11 F	10 L	11 S	10 P	11 M	10 P	11 M	10 P	11 M	10 S	11 M	10 S	11 M	10 F	11 F	10 F	11 L
10 S	10 M	11 F	11 F	11 L	12 S	11 F	12 M	11 S	12 F	11 M	12 F	11 M	12 F	11 M	12 F	11 L	12 P	11 M	12 F	11 F	12 F	11 L	12 S
11 M	11 F	12 S	12 M	12 M	13 L	12 F	13 L	12 F	13 P	12 F	13 F	12 F	13 F	12 F	13 F	12 P	13 M	12 F	13 M	12 F	13 M	12 F	13 M
12 P	12 F	13 L	13 M	13 F	14 S	13 L	14 S	13 P	14 M	13 F	14 L	13 F	14 L	13 F	14 L	13 M	14 P	13 F	14 M	13 L	14 P	13 M	14 P
13 M	13 L	14 S	14 F	14 F	15 L	14 S	15 M	14 M	15 F	14 L	15 S	14 L	15 S	14 L	15 S	14 P	15 F	14 M	15 F	14 S	15 M	14 P	15 M
14 F	14 S	15 M	15 F	15 L	16 S	15 M	16 P	15 F	16 F	15 S	16 M	15 S	16 M	15 S	16 M	15 F	16 P	15 M	16 F	15 M	16 P	15 M	16 F
15 F	15 M	16 P	16 F	16 S	17 M	16 P	17 M	16 F	17 L	16 M	17 P	16 M	17 P	16 M	17 P	16 F	17 S	16 M	17 P	16 F	17 M	16 F	17 F
16 L	16 P	17 M	17 F	17 L	18 S	17 M	18 F	17 L	18 M	17 P	18 M	17 P	18 M	17 P	18 M	17 F	18 S	17 M	18 P	17 M	18 F	17 M	18 F
17 S	17 M	18 F	18 F	18 P	19 F	18 F	19 M	18 S	19 M	18 F	19 P	18 M	19 P	18 M	19 P	18 F	19 S	18 M	19 P	18 F	19 M	18 F	19 S
18 M	18 F	19 F	19 M	19 S	20 P	19 F	20 P	19 M	20 F	19 P	20 M	19 M	20 M	19 P	20 M	19 F	20 S	19 M	20 P	19 F	20 M	19 F	20 M
19 P	19 F	20 M	20 L	20 F	21 S	20 P	21 M	20 F	21 L	20 M	21 P	20 M	21 P	20 M	21 P	20 F	21 S	20 M	21 P	20 F	21 M	20 F	21 M
20 M	20 L	21 S	21 F	21 F	22 L	21 M	22 M	21 F	22 F	21 M	22 P	21 M	22 P	21 M	22 P	21 F	22 S	21 M	22 P	21 F	22 M	21 F	22 M
21 F	21 S	22 M	22 F	22 L	23 M	22 M	23 F	22 F	23 L	22 M	23 P	22 M	23 P	22 M	23 P	22 F	23 S	22 M	23 P	22 F	23 M	22 F	23 M
22 F	22 M	23 F	23 F	23 S	24 M	23 M	24 F	23 F	24 L	23 M	24 P	23 M	24 P	23 M	24 P	23 F	24 S	23 M	24 P	23 F	24 M	23 F	24 M
23 L	23 P	24 M	24 F	24 M	25 F	24 M	25 F	24 L	25 M	24 M	25 P	24 M	25 P	24 M	25 P	24 F	25 S	24 M	25 P	24 F	25 M	24 F	25 M
24 S	24 M	25 F	25 F	25 P	26 M	25 F	26 F	25 S	26 M	25 M	26 F	25 M	26 F	25 M	26 F	25 F	26 S	25 M	26 F	25 F	26 M	25 F	26 M
25 M	25 F	26 F	26 F	26 M	27 L	26 M	27 F	26 M	27 P	26 M	27 P	26 M	27 P	26 M	27 P	26 F	27 S	26 M	27 P	26 F	27 M	26 F	27 M
26 P	26 F	27 L	27 M	27 F	28 L	27 M	28 F	27 P	28 M	27 F	28 P	27 M	28 P	27 M	28 P	27 F	28 S	27 M	28 P	27 F	28 M	27 F	28 M
27 M	27 L	28 S	28 F	28 M	29 L	28 M	29 F	28 P	29 M	28 F	29 P	28 M	29 P	28 M	29 P	28 F	29 S	28 M	29 P	28 F	29 M	28 F	29 M
28 F	28 S	29 M	29 F	29 M	30 P	29 M	30 F	29 P	30 M	29 F	30 P	29 M	30 P	29 M	30 P	29 F	30 S	29 M	30 P	29 F	30 M	29 F	30 M
29 F	29 M	30 P	30 F	30 S	31 M	30 P	31 F	30 F	31 L	30 M	31 P	30 M	31 P	30 M	31 P	30 F	31 S	30 M	31 P	30 F	31 M	30 F	31 M
30 L	30 P	31 F																					
31 S																							

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Starfsmenningar dagar í leikskólum eru til og gjöld lækkað vegna þessa. Foreldrar sem þurfa vísun þessa daga skalka sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Born sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarvfrí. Leikskólasjórn ákveður, að hófu samráði við starfsmenn og foreldra að viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin all sumar eða loki samkvæmt í tíu til tuttugu virka daga. Steina skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leittis skólasjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til nægðis við fjölskyldur í Reykjavík.



F. h. leikskólans Geislabaugs.

Póra Jóna Jónatansdóttir

Reykjavík, 22.09.2025

Leikskólastjóri

Dagsetning





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025 Geislabaugur

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Birgir Blöndahl Arngrímsson
Guðbjartur Rúnar Magnússon
Guðrún Margrét Viðarsdóttir
Sigurbjörg Jónsdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Skólastarfið

Kunnáttu í aðferðum jákvæðs aga er greinilega haldið lifandi með því að senda starfsfólk á réttindanámskeið í jákvæðum aga en mikilvægt er að það sé gert á hverju einasta skólaári. Deildirnar nýta nú verkfæri þaðan eins og lausnahjólíð og ætlunin að innleiða það á allar deildir. Blæstundir eru fastur liður í skólastarfinu til að styrkja félagsfærni. Barnafundur þar sem börnin fá þjálfun í að tala og hlusta og fá jafnframt að ákveða eitt og annað fyrir sína deild.

Áfram er unnið markvisst að málörvun með reglulegum Lubbastundum, Gefðu 10, táknum með tali, lestri, söng, samtölum við börnin og ferðum á bókasafnið. Unnið er að málstefnu fyrir skólann og hún verði kynnt starfsfólki.

Leikskólinn starfar samkvæmt Reggio stefnunni þar sem sköpun er mikilvægur þáttur í námi barnanna. Greinilegt er að starfsfólk leggur sig fram við að starfa í þeim anda þar sem skapandi efniviður er aðgengilegur börnunum. Kennarar kalla greinilega eftir því að fá fleiri hugmyndir og stuðning til að fylgja þessu eftir. Gott er að sjá að ætlunin er að koma til móts við þær óskir og útbúa verkefnabanka og halda lifandi hugmyndavinnu og stuðningi við kennara.

Gróðurhúsið er einnig lifandi verkefni þar sem verkefnisstjóri heimsækir allar deildir til að leyfa börnunum að taka þátt í því að sá fræjum í mold og sjá þau vaxa upp.

Eitt af markmiðum síðustu starfsáætlunar var að auka útikennslu og nýta nærumhverfið betur. Meira er farið í göngutúra með börnin um nágrennið og grenndarskógurinn sem ætlunin er að koma upp mun bjóða upp á marga möguleika í útikennslu. Um er að ræða góða þróun í kennslu sem eykur fjölbreytni en eykur líka öryggi barnanna með því að kenna þeim betur á nærumhverfi sitt.

Starfsfólk

Starfsfólk leikskólans er auður skólans og starfsemi hans veltur á góðum starfsanda og starfsfólk finni að það hafi stuðning til starfsþróunar. Eitt af markmiðum áætlunar þessa skólaárs er aukin endurmenntun og símenntun starfsfólks. Gott er að sjá að starfsfólk skuli fá stuðning til þess að sækja sér menntun og réttindi enda mun það styrkja skólann.





Mikilvægt er að upplýsingagjöf til starfsfólks sé skýr og góð. Samkvæmt áætluninni er mun verða reynt að vinna það enn betur og jafnframt setja af stað mannauðsteymi. Í skýrslu síðasta árs var talað um hvernig vinnustyttingin væri skipulögð þannig að kennarar gætu safnað henni upp og fengið heila daga í styttingu. Þar kom einnig fram hvernig þetta fyrirkomulag jók starfsánægju starfsfólks. Þessu er ekki fylgt eftir í skýrslu þessa skólaárs en starfsánægja hefur áhrif á starfsemi skólans og ásýnd hans gagnvart foreldrum.

Fulltrúar í foreldraráði:

Ingibjörg Jónsdóttir Kolka

Guðrún Margrét Viðarsdóttir





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



